


Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Strandgötu 6,
220 Hafnarfirði

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	8/6 2015
Málsnr:	1504175
Bréfal:	2230

Kennarafundur haldinn í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar föstudaginn 22. maí 2015 lýsir yfir megnri óánægju með þá ákvörðun Bæjaryfirvalda að skerða sumarlaun kennara skólans sem tóku þátt í verkfalli Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, FT, á haustönn 2014.

Við ákvörðunina var ekkert litið til þeirrar staðreyndar að flestir kennarar hafa lagt á sig ómælda vinnu eftir verkfall til þess að starf Tónlistarskólans gengi sem eðlilegast fyrir sig. Öll þessi ólaunaða aukavinna var að sjálfsögðu unnin með velferð og árangur nemenda að leiðarljósi.

Okkur þykir því eðlilegt að ákvörðun um skerðingu launa verði endurskoðuð.

Kennarar við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.